

Fréttabréf Stapa lífeyrissjóðs

Vor 2022

Ávöxtun tryggingadeildar

Lykiltölur úr ársreikningi

Breyttar lífslíkur – Hvað þýðir það?

Samanburður lífeyriskerfa – Ísland efst

Ávöxtun skilað strax í réttindasjóð hjá Stapa

Viljayfirlýsing um grænar fjárfestingar

Breytingar á lánareglum sjóðfélagalána


Mikilvægt að rýna sjóðfélagayfirlit

Ársfundur og ársskýrsla

Ávöxtun tryggingadeildar

Árið 2021 var ávöxtun í flestum eignaflokkum betri en væntingar gerðu ráð fyrir í upphafi árs. Nafnávöxtun sjóðsins var 18,5% sem er besta ár í sögu sjóðsins í núverandi mynd. Vægi innlendra skuldabréfa í eignasafni Stapa lækkaði um tæp 6% en vægi erlendra eigna og innlendra hlutabréfa hækkaði á móti. Breytingin er í takt við fjárfestingarstefnu en má einnig rekja til mikilla hækkana á hlutabréfum á síðasta ári.

Í skjóli lágs vaxtastigs og stuðningsaðgerða ríkisstjórna víða um heim stóðust hagkerfi heimsins skert ferðafrelsi og samkomutakmarkanir. Það má meðal annars rekja til breyttrar neysluhegðunar en eftirspurn eftir vörum jókst verulega. Ísland var ekkert frábrugðið en innlend eftirspurn leiddi hagvöxt ársins. Ferðasumarið var einnig mjög gott, bæði Íslendingar að ferðast um landið en einnig auknar komur erlendra ferðamanna sem bæði dvöldu lengur og eyddu hærri fjárhæðum en oft áður.



Ávöxtun ársins var að mestu dregin áfram af miklum hækkunum á hlutabréfum, bæði innlendum og erlendum. Verðbólgan reyndist þrálát á síðasta ári en þar hafa verðhækkanir á fasteignum verið stór þáttur. Seðlabankinn hefur haldið áfram vaxtahækkunum, sem hófust í maí, sem tilraun til að slá á hækkanir á fasteignamarkaði.

Það sem af er árinu 2022 hefur ávöxtun á helstu eignamörkuðum verið erfið sem litast af stríðsátökum í Úkraínu og auknum áhyggjum markaðsaðila um aukna verðbólgu í kjölfar mikilla hækkana á hrávörum.

Lykiltölur úr ársreikningi

Breytingar á hreinni eign

	2021	2020
Iðgjöld	14.711	13.391
Lífeyrir	-8.295	-7.501
Hreinar fjárfestingartekjur	55.774	34.310
Rekstrarkostnaður	-505	-465
Hækkun á hreinni eign	61.685	39.735
Hrein eign frá fyrra ári	295.868	256.113
Hrein eign til greiðslu lífeyris	357.554	295.868

Efnahagsreikningur í árslok

	2021	2020
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	208.297	158.534
Skuldabréf	141.779	131.251
Afleiðusamningar	24	45
Bundnar bankainnistæður	311	496
Kröfur	1.370	1.418
Ýmsar eignir	274	283
Handbært fé	5.602	3.967
Skuldir	-104	-127
Hrein eign til greiðslu lífeyris	357.554	295.868
Hrein eign tryggingadeildar	348.662	288.345
Hrein eign séreignardeildar	8.420	7.204
Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar	472	319
Tryggingafræðileg staða	-4,7%	1,5%
Nafnávöxtun	18,5%	13,1%
Hrein raunávöxtun	12,8%	9,2%

Breyttar lífslíkur – Hvað þýðir það?



Meðalævilengd Íslendinga hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Það er að sjálfsögðu jákvætt ef við náum hærri aldri en lífeyrisjóðir geta aðeins greitt út lífeyri í samræmi við þær eignir sem eru til staðar. Lengri meðalævi eykurskuldbindingar sjóðanna þar sem þeir greiða lífeyri til æviloka. Því hafa lífeyrissjóðir þurft að uppfæra réttindatöflur sínar jafnt og þétt til að bregðast við auknum lífslíkum. Ef sjóðfélagar lifa að meðaltali lengur en áður þarf að dreifa réttindasjóði þeirra á fleiri áætluð ólifðu ár og því eru mánaðarleg eftirlaun lægri.

Búist er við að lífslíkur haldi áfram að aukast og um síðustu áramót staðfesti Fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um að lífeyrissjóðir taki spá um áframhaldandi hækkandi lífslíkur inn í forsendur

sínar. Þetta mun leiða af sér að lífeyrissjóðir þurfa að breyta réttindatöflum talsvert, til að taka tillit til þessarar spár, í stað þess að breyta þeim lítillga á nokkurra ára fresti eins og gert hefur verið hingað til. Breytingarnar verða mestar hjá yngstu aldurshópunum enda gert ráð fyrir að þeir nái hærri aldri en þeir sem þegar eru að nálgast eftirlaunaaldur.

Nákvæm áhrif geta verið mismunandi hjá lífeyrissjóðum en hjá Stapa er unnið að hugmyndum varðandi breytingar á samþykktum en ekki er enn ljóst hvort þær verða lagðar fyrir ársfund í ár eða á næsta ári. Segja má að þegar breytingarnar ganga í gegn munu sjóðfélagar fá réttara mat á áætluð eftirlaun svo framarlega sem þessi spá um hækkandi lífslíkur gangi eftir.



Samanburður lífeyriskerfa – Ísland efst

Íslenska lífeyriskerfið mældist í efsta sæti í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu sem ráðgjafarfyritækið Mercer og samtökin CFA Institute standa að. Ísland var í fyrsta sinn með í þessum samanburði en 43 lönd úr öllum heimsálfum tóku þátt, þ.á.m. öll Norðurlöndin.

Lífeyriskerfin geta mest fengið 100 stig á vísitölulistanum. Ísland fékk 84,2 stig, Holland 83,5 stig og Danmörk 82,0 stig en ríkin voru þau einu sem náðu yfir 80 stigum og teljast því búa við öflug lífeyriskerfi sem skili góðum réttindum, eru sjálfbær og með trausta umgjörð.


Þessi samanburður lífeyriskerfa byggist annars vegar á talnaefni frá Efnahags- og framfarastofnuninni – OECD og öðrum fjölþjóðastofnunum og gagnabönkum en hins vegar á upplýsingum sem sérfræðingar hjá Mercer og fleiri hafa aflað í viðkomandi ríkjum.

Sjá nánar í [frétt á vef Stapa](#).

Ávöxtun skilað strax í réttindasjóð hjá Stapa

Hjá Stapa eru réttindi sjóðfélaga tengd beint við ávöxtun sjóðsins með svokallaðri eignavísitölu. Í hverjum mánuði eru eignir sjóðsins metnar og réttindi sjóðfélaga uppfærð í samræmi við ávöxtun. Með þessum móti njóta sjóðfélagar góðrar ávöxtunar strax í áunnum réttindum og ekki þörf á að uppfæra þau í stórum stökkum á ársfundum líkt og tíðkast hjá öðrum íslenskum lífeyrissjóðum.

Undanfarin þrjú ár hafa verið hagfelld hvað varðar ávöxtun eigna Stapa og hefur eignavísitalan hækkað um 51% frá ársbyrjun 2019 til ársloka 2021. Óúrskurðuð réttindi hafa því hækkað um ríflega helming á þessu tímabili. Því miður hefur þróunin á eignamörkuðum ekki verið jafn hagfelld fyrstu mánuði ársins 2022 en eignasafn Stapa er vel í stakk búið til að takast á við þær áskoranir.



Viljayfirlýsing um grænar fjárfestingar



Stapi er einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem hyggjast fjárfesta samtals 4,5 milljörðum Bandaríkjadala (um 580 milljörðum króna) til ársins 2030 í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfissvænum lausnum. Sjóðirnir hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC).

Með yfirlýsingunni staðfesta sjóðirnir þrettán vilja til að stórauka grænar fjárfestingar sínar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Þar er meðal annars horft til ákvæða Parísarsamkomulagsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Horft verður til verkefna sem nýta jarðvarma en einnig er stefnan að styðja við aukna notkun annarra sjálfbærra orkugjafa með það að markmiði að stuðla að aukinni notkun hreinnarorku í samgöngum og atvinnustarfsemi. Sömu viðmið gilda varðandi áreiðanleikakannanir og arðsemismarkmið fyrir grænar fjárfestingar og aðrar fjárfestingar hjá Stapa.

Breytingar á lánareglum sjóðfélagalána

Nýlega voru gerðar breytingar á lánareglum hjá Stapa þegar lánsréttur var rýmkaður og hámarkslánsfjárhæð hækkuð.

Helstu skilyrði lánareglna eru:

- Lánsrétt eiga allir sem greitt hafa til sjóðsins.
- Hámarkslánsfjárhæð er 70 milljónir.
- Lánshlutfall er að hámarki 70%.
- Lánstími er að lágmarki 5 ár en að hámarki 40 ár.
- Heimilt að greiða upp lán hvenær sem er á lánstíma án þóknunar.

Á vefsíðu Stapa er einfalt að [sækja um lán og greiðslumat](#).

Með því að sækja um lán með rafrænum skilríkjum auðvelda umsækjendur sér umsóknarferlið þar sem nánast öll gögn fyrir greiðslumatið eru sótt rafrænt.



Mikilvægt að rýna sjóðfélagayfirlit

Það er góð regla að bera saman launaseðla og iðgjaldagreiðslur sem koma fram á sjóðfélagayfirliti.

Mikilvægt er að skoða hvort:

- Iðgjöld sem dregin eru af launum skila sér til sjóðsins.
- Mótframlag launagreiðanda er rétt.
- Ávöxtunarleið séreignar er í samræmi við val sjóðfélaga.

Réttindasjóður byggir á þeim greiðslum sem skila sér til sjóðsins og því mikilvægt að hafa samband við Stapa innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits ef iðgjöld vantar frá launagreiðanda.

Stapi sendir sjóðfélögum yfirlit tvisvar á ári, að vori og hausti, en upplýsingar um iðgjaldagreiðslur eru ávallt aðgengilegar á sjóðfélagavef.



Ársfundur og ársskýrsla

Ársfundur Stapa verður haldinn í Hofi miðvikudaginn 1. júní kl. 14:00. Fundinum verður einnig streymt á heimasíðu sjóðsins. Nánari upplýsingar um fundinn verða birtar á stapi.is.

[Ársskýrsla Stapa](#) vegna ársins 2021 er komin út.

Undanfarin þrjú ár hefur skýrslan verið í vefsíðuformi sem er bæði umhverfisvænt og hagkvæmt.



Viltu afþakka pappír?

Við hvetjum sjóðfélaga til að hjálpa okkur að gera hlutina hagkvæmari og vistvænni með því að afþakka pappír.

Hægt er að afþakka pappír á [vef sjóðfélaga](#), með veflykli eða rafrænum skilríkjum.

Undir Stillingar/Notendaupplýsingar er hakað í **Afþakka pappír**.

Þeir sem afþakka heimsendan pappír þurfa að gefa upp netfang sitt og fá eftir það upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegt að koma á framfæri við sjóðfélaga sendar í tölvupósti s.s. vegna sjóðfélagayfirlita, fréttabréf o.fl.

Til að fá aðstoð er hægt að senda beiðni á stapi@stapi.is eða hafa samband við sjóðinn í síma 460-4500.



Rafræn samskipti – Hafðu samband!

Á [vefsíðu sjóðsins](#) er hægt að sinna nánast öllum erindum.

- Hægt að finna allar upplýsingar um réttindi, iðgjaldagreiðslur, stöðu lána, sjóðfélagayfirlit o.fl. á [vef sjóðfélaga](#).
- Á [launagreiðendavef](#) eru allar upplýsingar um iðgjaldaskil.
- Allar umsóknir sjóðsins eru á [umsóknarvef](#). Hægt er að skila inn öllum umsóknum með rafrænum skilríkum. Fyrirspurnir vegna sjóðfélagalána má senda í tölvupósti á netfangið lan@stapi.is.

Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti á stapi@stapi.is.





Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað.

Afgreiðslutími skrifstofu:

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 9:00–12:00.

Sími: 460 4500 | www.stapi.is | stapi@stapi.is